

Júlí 2023



HVATARBLAÐIÐ



Fjallkona Grímsnes- og Grafningshrepps 2023
Hugdís Erla Jóhannsdóttir

Sumarleyfi



Skrifstofa Grímsnes- og
Grafningshrepps
verður lokað vegna sumarleyfa
frá
17. júlí til og með
11. ágúst 2023

Sveitarstjórn verður í
sumarleyfi í júlí og næstu
fundir sveitarstjórnar eru
29. júní og 17. ágúst.



Styrktarreikningur
sveitarinnar er:
0586-26-456
kt. 490487-1319



Menningarveisla Sólheima - Tónleikar í Sólheimakirkju í júlí

8. júlí kl. 14:00 - Kólga	
15. júlí - kl. 14:00 - Fríða Dís	
22. júlí - kl. 14:00 - Daníel Hjálmtýrsson	
29. júlí - kl 14:00 - Sigga Ósk	

GRENNÐARSTÖÐVAR Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI



Á grenndarstöðvum í sveitarfélaginu er hægt að skila eftirtöldum úrgangsflokkum í endurvinnslu:

Gler Glass



Best er að safna gleri á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

Málmur Metal



Best er að safna málmum á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

Hvað flokkast sem málmur?

Málmilát undan matvöru	Metal cans e.g. soup cans
Málmlok af krukkum	Metal jar lids
Úðabrusar	Aerosol spray/dispenser

Lífrænt Organic



Hvað má fara í tunnuna?


Ávextir og ávextahýði	Fruits and peel
Grænmeti og grænmetishýði	Vegetables and peel
Egg og eggjaskurn	Eggs and eggshells
Eldaðir kjöt- og fiskafgangar	Cooked meat and fish leftovers
Mjöl	Grain
Hrísgjón og pasta	Rice and pasta
Brauð og kökur	Bread and cookies
Kaffikorgur, kaffipokar og tepokar	Coffee grounds and bags and tea bags
Notuð eldhúsbref	Used kitchen rolls
Átskorin blóm og plöntur	Cut flowers and plants

Dósir og flöskur Bottles and cans



Skilagjaldsskylðar umbúðir
Deposit beverage containers.

Pappír Paper



Hvað má fara í gáminn?

Dagblöð og tímarit	Newspapers and magazines
Umslög og gluggaumslög	Envelopes with or without windows
Skrifstofupappír	Office papers
Bæklingar	Brochures
Hreinar mjólkurfurnur	Clean milk container
Bylgjupappír	Corrugated cardboard
Gjafapappír	Gift wrapping paper
Eggjabakkar	Eggtrays
Sléttur pappír s.s. morgunkornspakkar	Non corrugated cardboard e.g. cereal boxes, tissue boxes

Plast Plastics



Hvað má fara í gáminn?

Plastpokar	Plastic bags
Plastbrúsur s.s. hreinsiefni	Detergent plastic emballage
Plastdósir s.s. skyr, ís, smurostur	Plastic cups e.g. yogurt cups, icecream containers, spreadable
Plastfilma glær og lituð	Plastic wrappings, clear and coloured
Plastumbúðir s.s. utan af kexi og sælgæti	Plastic wrappings e.g. wrappings from candies and crackers
Plastbakkar	Plastic trays
Plastflöskur s.s. sjámpó og sósur	Plastic containers e.g. bottles for shampoo and sauce
Frauðplastumbúðir	Styrofoam containers
Pokar utan af snacki	Snack bags

Rusl Waste



Hvað má fara í gáminn?

Litaðar servíettur	Stained napkins
Límmiðar	Stickers
Einnota hanskar	Disposable gloves
Gúmmihanskar	Rubber gloves
Pennar	Pens
Kveikjarar	Lighters
Tyggi	Chewing gum
Geislaskífur	Compact discs
Bleyjur	Diapers

Grenndarstöðvar eru við Vaðnesveg, Ásgarð, Úlfjótssvatn, Hraunborgir, Torfastaði, Kringlu, Borg, Nesjavelli og Seyðishóla.

Gámastöð er við Seyðishóla. Sjá opnunartíma á www.gogg.is.



Grímsnes- og Grafningshreppur



Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Fridag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.



Hvöt hefur staðið fyrir og tekið þátt í ýmsu skemmtilegu það sem af er sumri.

BMX námskeiðið og sundnámskeiðin voru vel sótt.

Félagið átti keppendur á Héraðsleikum og aldursflokkamóti HSK í frjálsum íþróttum auk þess sem tveir keppendur tóku þátt í Meistaramóti 11-14 ára.

Við erum komin í sumarfrí núna en hlökkum til að hitta alla á æfingum í haust.



Verslunarmannahelgin á Úlfljótsvatni

Líkt og fyrri ár mun Úlfljótsvatn bjóða upp á ævintýrlega fjölskyldudagskrá um Verslunarmannahelgina.

Frá föstudegi til mánudags verður dagskráin margvísleg og meðal annars boðið uppá klifur, bogfimi, báta, vatnasafarí, vatnsbyssufjör, frísbíggj, grill, varðelda og kvöldvökur.

Leikhópurinn Lotta mun einnig skemmta okkur með sínu frábæra leikriti og gera helgina ógleymanlega.

Við hlökkum til að sjá ykkur öll á Úlfljótsvatni.



Náms- og starfsráðgjafi

Staða náms- og starfsráðgjafa fyrir grunnskóla á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er laus til umsóknar. Hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem vinnur í þverfaglegu samstarfi þar sem áhersla er lögð á samvinnu, snemmtæka íhlutun og farsæld í þágu barna.

Um er að ræða 100% stöðu sem skiptist milli 6 grunnskóla. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í þverfaglegu samstarfi, er tilbúinn að starfa í fleiri en einum grunnskóla og þróa og laga starfið að þeim aðstæðum. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2023 eða eftir samkomulagi.

Starfssvið

Náms- og starfsráðgjafi sinnir fjölbreyttu starfi í samvinnu við skólaþjónustu, skólastjórnendur og annað starfsfólk skólanna. Meðal verkefna er að skipuleggja náms- og starfsfræðslu, veita upplýsingar um nám og störf, leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi, veita nemendum persónulega ráðgjöf, sinna forvarnarstarfi, vinna í eineltismálum, veita foreldrum ráðgjöf, undirbúa flutning nemenda milli skólastiga o.fl.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í náms- og starfsráðgjöf með tilheyrandi starfsréttindum
- Reynsla af náms- og starfsráðgjöf í grunnskóla er kostur
- Þekking og reynsla af ráðgjöf og stuðning við nemendur með fjölbreyttar þarfir
- Hæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleiki og samstarfsvilji
- Þekking og reynsla af forvarnarstarfi
- Skipulagshæfni, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsóknir sendist rafrænt á netfangið gunnlaug@arnesthing.is. Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og FG. Umsóknarfrestur er til 10. júlí n.k.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjóri skólaþjónustu í síma 4801180.



Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2023

9.-11. ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
12. ágúst	Grímsævintýri
14. septemb.	Hautfundur / gróðursetning í yndisskógi á Borg
23. septemb.	Dagsferð að hausti
27. október	Grimuball
Nóvember	Jólabingó
Nóvember	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

GRÍMSÆVINTÝRI

Borg 12. ágúst 2023




Grímsævintýri á Borg, 12. ágúst 2023

Tombóla, fjölskylduhátíð, markaður!

Fylgstu með viðburðinum á Facebook –

Grímsævintýri á Borg 2023

Kvenfélag Grímsneshrepps



Heldriborgaraferð Kvenfélags Grímsneshrepps



Það var myndarlegur hópur sem tók þátt í Heldriborgaraferð Kvenfélags Grímsneshrepps þann 7. júní síðastliðinn. Haldið var sem leið lá til Grindavíkur eftir Suðurstrandarvegi. Formaður Kvenfélags Grindavíkur, Sólveig Ólafsdóttir, tók á móti okkur í Gjánni þar sem kvenfélagið hefur aðstöðu sína.





Síðan var farið og skoðað Dráttarvéla- og fornbílasafn Hermanns Ólafssonar. Þaðan var ekið um Þórkötlustaðahverfi, kíkt við hjá Þrjónasystrum og svo haldið að Reykjanesvita. Kvöldverður var snæddur í Salthúsinu í Grindavík og ekið heim um Hafnarfjörð og þaðan Krísuvíkurléiðina. Unnur Halldórsdóttir sá um fararstjórn af sinni alkunnu snilld. Við félagskonur þökkum ykkur fyrir samveruna og skemmtilegan dag.





Verzlunin Borg

OPNUNARTÍMI FRÁ 15. MAÍ 2023

MÁNUDAGA – FIMMTUDAGA 09:00 – 19:00
FOSTUDAGA OG LAUGARDAGA 09:00 – 21:00
SUNNUDAGA 11:00 – 19:00










JP Verk ehf.
Jarðvinnuverktaki

**Jóhannes 848-1123 &
Guðmundur 868-4115**






jtverkehf@gmail.com

Græna Kannan – Kaffihús Sólheimurum



Opnunartími Grænu könnunnar og
Völu í júlí 2023

Virkir dagar 11:00 til 18:00

Helgar og helgidagar 11:00 til 18:00

Mötuneytið er opið alla virka daga

frá 11:30 til 13:30

Mötuneytið er opið almenningi

Græna Kannan er kaffi- og samveruhús íbúa Sólheima og gesta. Ef þú vilt upplifa Sólheima með bragðlaukunum þá er Græna Kannan þinn heppilegasti kostur. Græna Kannan er staðsett í hjarta Sólheima og notar hráefni úr nærumhverfinu svo sem gróðurhúsinu Sunnu og matjurtagarðinum Tröllagarði.

Í Grænu Könnunni má einnig finna Listmunaverslunina Völu, fallega listmuni, kerti, tún vottaðar jurtavörur sem eru framleiddar úr náttúrulegum hráefnum og jurtum úr jurtagarði Sólheima, auk fullt af spennandi vörum sem íbúar Sólheima búa til. Oft eru uppakomur á kaffihúsinu og má sjá yfirlit yfir komandi atburði í dálknum „Á döfinni“ í Upplýsingatorginu.



Verið velkomin í kaffi á Grænu Könnuna!



Til sölu !

Kaldur pottur/kar

250.000 kr



Frekari upplýsingar á netfanginu gogg@gogg.is



Heitir pottar (2 stk) – tilboð



Frekari upplýsingar á netfanginu gogg@gogg.is



Sveitarstjórn 549. fundur 07. júní 2023
kl. 09:00–10:40 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir oddviti
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Steinar Sigurjónsson í fjarveru Smára Bergmann Kolbeinssonar
- Iðla Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði
Iðla Marsibil Jónsdóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 9. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 2. júní 2023.

Mál nr. 2 og 4 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 9. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 2. júní 2023.

Mál nr. 2; Drög að uppfærðum reglum um úthlutun lóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Farið yfir drög að uppfærðum reglum um úthlutun lóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Mál nr. 4; Niðurstöður útboðs í verkið „Athafnasvæði við Sólheimaveg – Gatnagerð“.

Fyrir liggur fundargerð frá opnunarfundi tilboða í verkið „Athafnasvæði við Sólheimaveg – Gatnagerð“ sem haldinn var þann 9. maí 2023.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Aðalleið ehf: 99.434.550 kr.

Aðalleið ehf frávikstilboð: 81.724.800 kr.

Suðurtak ehf: 78.447.024 kr.

Magnús Ingberg Jónsson: 114.236.600 kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilboði lægstbjóðanda, Suðurtaks ehf. verði tekið og felur sveitarstjóra að undirrita verksamning.

b) Fundargerð 8. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. apríl 2023.

Mál nr. 1 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 8. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 18. apríl 2023.

Mál nr. 1; Skóladagatal Kerhólsskóla.

Farið yfir skóladagatal Kerhólsskóla fyrir árið 2023/2024.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða skóladagatalið.

c) Fundargerð 9. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. maí 2023.

Mál nr. 1 og 4 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 9. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 9. maí 2023.

Mál nr. 1; Gjaldskrá leikskóla og frístundar.

Lagt er til að taka upp sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur fyrir barn sem kemur of snemma að morgni og sótt er of seint. Lagt er til að gjaldið verði 700 krónur á hvert skipti. Gert er ráð fyrir ákveðið mörgum starfsmönnum miðað við umsamdan dvalartíma barna því er mikilvægt að foreldrar virði dvalartíma barna sinna í leikskóla og frístund. Lagt er til að innheimta á gjaldinu hefjist 1. ágúst 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka upp sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur fyrir barn sem kemur of snemma að morgni og sótt er of seint, jafnframt samþykkir sveitarstjórn að gjaldið verði 700 krónur og taki gildi frá og með 1. ágúst 2023.

Mál nr. 4; Önnur mál.

Í skólabíl eru nemendur sem ber að hafa fylgdaraðila allan skóladaginn og upp eru að koma agamál á leiðum sem illa hefur gengið að leysa. Lagt er til að ráðnir yrðu stuðningsfulltrúar til að vera í skólabílum þegar börn eru keyrð í og úr skóla. Minnt var á leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs í grunnskólum frá 4. nóvember 2019. Þar kemur fram að skólaakstur grunnskólabarna skuli skipulagður með hliðsjón af öryggi og velferð nemenda í hvívetna. Einnig var bent á að merkingar á skólabílum eru ekki viðunandi. Lagt er til að gera kröfu um viðunandi merkingar í næsta útboði um skólaakstur. Ennfremur var bent á að sveitarfélagið útvegi ekki bílstóla fyrir ung börn í skólabílum. Lagt er til að sveitarfélagið útvegi börnum undir 135 cm bílstól í skólabílum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram með skólabílstjórum og skólastjóra.

d) Fundargerð 261. fundar skipulagsnefndar UTU, 24. maí 2023.

Mál nr. 13, 14, 15, 16, 17 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 261. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 24. maí 2023.

Mál nr. 13; Villingavatn (L170971); byggingarheimild; gestahús – 2302022

Fyrir liggur umsókn Ásgerðar Þ. Bergset Ásgeirsdóttur, Bjargar Óskarsdóttur og Óskars Arnar Ásgeirssonar, móttækin 13.02.2023, um byggingarheimild fyrir 51,6 m² gestahúsi á sumarbústaðalandinu Villingavatn L170971 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 14; Hrossakrókar L231319; Miðengi L168261;

7 smáhýsi og þjónustuhús; Fyrirspurn – 2305013.

Lögð er fram fyrirspurn frá Sverri Sigurjónssyni er varðar áform um uppbyggingu á lóð Hrossakróka L231319 í landi Miðengis. Hugmyndin er að reisa þar allt að 7 smáhýsi ásamt þjónustuhúsi, hvert um sig í kringum 30 fermetrar að stærð eða samtals 8 hús. Húsin verða leigð út til gistingar og er hvert hús hugsað fyrir tvo einstaklinga. Við hvert hús verður byggður sólballur ásamt heitum potti fyrir gestina. Auk þess verður svæðið skipulagt með upplýstum snyrtilegum göngustígum á milli húsa. Ákvörðunarstaður húsanna, ásamt öllu skipulagi á svæðinu yrði í samráði við landslagsarkitekt til þess að framkvæmdin falli sem best inn í umhverfið.

Sveitarstjórn bendir á að umrætt svæði er skilgreint sem frístundasvæði innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps. Að mati sveitarstjórnar eru þær áætlanir sem lagðar eru fram innan fyrirspurnar háðar því að unnin verði breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið væri skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Samhliða væri unnið nýtt deiliskipulag sem tæki til framkvæmda innan þess. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að unnin verði tillaga að aðalskipulagsbreytingu og beinir því til fyrirspyrjanda að hafa samband við skipulagsfulltrúa til að hefja þá vinnu.

Steinar Sigurjónsson vék af fundi undir þessum lið.

Mál nr. 15; Tjarnhólslaut 82 L193110; Sumarbústaður í lögheimili;

Fyrirspurn – 2305027.

Lögð er fram fyrirspurn frá Karli Heimi Karlssyni er varðar skráningu lögheimils á lóð Tjarnarhólslautar 82. Innan fyrirspurnar kemur fram að innan deiliskipulagssvæðisins séu 4 önnur frístundahús og að allir eigendur innan svæðisins styðji viðkomandi breytingu.

Sveitarstjórn bendir á að í stefnumörkun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps er gert ráð fyrir því að ekki verði skilgreind ný íbúðarsvæði í dreifbýli innan sveitarfélagsins. Ekki er hægt að skrá íbúa til lögheimils innan frístundasvæða sbr. skilgreiningu 2.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á landnotkun frístundabyggðar og lögum um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018. Slík skráning er því í öllum tilfellum háð breyttri skráningu landnotkunar og notkunar húsnæðis í íbúðarhúsi. Eins og fyrr segir gerir stefnumörkun aðalskipulags sveitarfélagsins ekki ráð fyrir því að skilgreind verði ný íbúðarsvæði í stað frístundasvæða og að sama skapi fellur stærð viðkomandi lóða og þéttleiki þeirra illa að skilgreiningu landbúnaðarlands, L3, eða smábýla þar sem gert er ráð fyrir að landspildur séu að jafnaði á bilinu 1- 10 ha að stærð.

Að mati sveitarstjórnar býður því núverandi stefnumörkun sveitarfélagsins ekki upp á að mögulegt sé að breyta frístundalóðum í íbúðarlóðir.

Mál nr. 16; Þrastalundur lóð 1 L201043; Fyrirspurn – 2305050.

Lögð er fram fyrirspurn frá V63 ehf. er varðar uppbyggingu ferðapjónustu í og við Þrastarlund. Í fyrirspurninni felst að umsækjandi fái heimild sveitarstjórnar til að vinna, í samráði við Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita, landeiganda (UMFI) og umsagnaraðila, deiliskipulag af tveimur svæðum í Þrastaskógi til viðbótar því deiliskipulagi sem unnið var af þjónustumiðstöðinni Þrastalundi 2004 m.s.b. Annars vegar deiliskipulag af tjaldalundum norðaustan þjónustumiðstöðvarinnar og hins vegar deiliskipulag af núverandi tjald- og hjólhýsasvæði í skóginum. Jafnframt verði heimilað að gera nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins til samræmis við þær hugmyndir sem fram koma í deiliskipulagsáætlunum, gerist þess þörf að mati sveitarfélagsins. Að mati skipulagsnefndar er framlögð uppbygging háð því að unnin verði breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins norðan Þrastarlundar þar sem skilgreint verði verslunar- og þjónustusvæði.

Að mati sveitarstjórnar er landnotkun núverandi tjaldsvæðis í samræmi við þær hugmyndir sem fram koma innan fyrirspurnar með fyrirvara um þær heimildir sem lagðar verða fram innandeiliskipulagsáætlana. Sveitarstjórn telur því nauðsynlegt að unnar yrðu tvær nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir viðkomandi svæði auk breytingar á aðalskipulagi. Mælist sveitarstjórn til þess að lögð verði fram sameiginleg skipulagslýsing vegna verkefnisins.

Að mati sveitarstjórnar er forsenda framgöngu ofangreindra skipulagsáætlana sú að fyrir liggi skriflegt samþykki landeiganda fyrir viðkomandi breytingum og áætlunum.

Mál nr. 17; Ljósafossskóli 168468 L168468; Fyrirspurn – 2305051.

Lögð er fram fyrirspurn frá V63 ehf. er varðar uppbyggingu ferðapjónustu að Ljósafossskóla. Í fyrirspurn felst að leita heimildar sveitarfélagsins til að vinna, í samráði við Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita, deiliskipulag á landi skólans sem og gera nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins til samræmis við þær hugmyndir sem fram koma í deiliskipulaginu, gerist þess þörf að mati sveitarfélagsins.

Að mati sveitarstjórnar er framlögð uppbygging háð því að unnin verði breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins við Ljósafossskóla þar sem heimildir aðalskipulags verði auknar í takt við framlagða fyrirspurn. Samkvæmt aðalskipulagi er tiltekið að á svæðinu sé rekin gisting og ferðapjónusta fyrir allt að 30 manns. Á reitnum eru einnig 3 íbúðarhús.

Ekki verði gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu. Frekari uppbygging á svæðinu er því háð breytingu á aðalskipulagi. Samhliða verði unnið deiliskipulag sem skilgreinir með ítarlegri hætti byggingarheimildir innan svæðisins til framtíðar í takt við heimildir aðalskipulags.

Að mati sveitarstjórnar er forsenda framgöngu ofangreindra skipulagsáætlana sú að fyrir liggi skriflegt samþykki eiganda fyrir viðkomandi breytingum og áætlunum.

Mál nr. 24; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-185 – 2305001F

Lögð er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-185.

e) Fundargerð 2. fundar oddvitanefndar Uppsveita Árnassýslu, 11. janúar 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 2. fundar oddvitanefndar Uppsveita Árnassýslu sem haldinn var 11. janúar 2023.

f) Fundargerð 3. fundar oddvitanefndar Uppsveita Árnassýslu, 19. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 3. fundar oddvitanefndar Árnassýslu sem haldinn var 19. apríl 2023 ásamt ársreikningi. Greiðsla til sveitarfélagsins vegna útgreiðslu úr sjóði nemur 3,4 m.kr. og mun verða tekið tillit til þeirrar greiðslu við gerð viðauka við fjárhagsáætlun.

g) Fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, 11. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem haldinn var 11. maí 2023.

h) Fundargerð 206. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, 9. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga sem haldinn var 9. maí 2023.

i) Fundargerð 30. fundar Héraðsnefndar Árnesinga, 24. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 30. fundar Héraðsnefndar Árnesinga sem haldinn var 24. maí 2023. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að Héraðsnefnd Árnesinga taki húsnæði að Hellismýri 8, Selfossi, á leigu fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga, með þeim áhrifum sem það hefur á fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins til næstu ára, fáið húsnæðið leigt. Á móti fellur út kostnaður við leigu í Ráðhúsi Árborgar og rekstrarkostnaður af Háheiði 9.

j) Fundargerð 55. fundar stjórnar Bergrisans bs., 18. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 55. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var 18. apríl 2023.

k) Fundargerð 56. fundar stjórnar Bergrisans bs., 15. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 56. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var 15. maí 2023.

l) Fundargerð 27. fundar stjórnar Bergrisans bs., 19. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 57. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var 19. maí 2023.

m) Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 25. maí apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Brunavarna Árnassýslu sem haldinn var 25. maí 2023.

n) Fundargerð stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 30. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Byggðasafns Árnesinga sem haldinn var 30. maí 2023.

o) Fundargerð 64. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 16. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 64. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn var 16. maí 2023.

p) Fundargerð 926. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 17. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 926. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 17. maí 2023.

q) Fundargerð 927. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 927. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 26. maí 2023.

2. Samþykkt Grímsnes- og Grafningshrepps um gatnagerðargjöld.

Lögð fram til fyrri umræðu drög að breytingum á samþykktum Grímsnes- og Grafningshrepps um gatnagerðargjöld.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og vísar samþykktinni til síðari umræðu.

3. Skipan fulltrúa í kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps kjörtímabilið 2022-2026 verði skipuð á eftirfarandi hátt:

Aðalmenn:

Bragi Svavarsson, formaður

Valgeir Fridolf Backman

Elín Bergsdóttir

Til vara:

Guðrún Margrét Njálisdóttir

Embla Ósk Ásgeirsdóttir

Magnús Grímsson

4. Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi í júlí.

Næstu fundir sveitarstjórnar eru þá 29. júní og 17. ágúst.

5. Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verði lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna frá 17. júlí til og með 11. ágúst 2023.

6. Samstarfssamningur við Hjálparsveitina Tintron.

Fyrir liggja drög að samstarfssamning við Hjálparsveitina Tintron.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög og felur sveitarstjóra að skrifa undir samninginn.

7. Ársreikningur Ungmennafélagsins Hvatar vegna ársins 2022.

Ársreikningur Ungmennafélagsins Hvatar vegna ársins 2022 lagður fram til kynningar.

8. Atvinnumálstefna Uppsveita.

Atvinnumálstefna Uppsveita fyrir árin 2023-2027 var lögð fram að loknu athugasemdaferli. Að stefnunni standa Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Í stefnunni var leitast við að setja fram raunhæf markmið og að unnt verði að mæla framvindu. Stefnan tekur mið af Sóknaráætlun Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða atvinnumálstefnu Uppsveita fyrir sitt leyti. Sveitarstjórn vill koma á framfæri þökkum til vinnuhópsins sem stóð að vinnu atvinnumálstefnunnar fyrir sitt framlag, svo og öðrum þeim sem komu að vinnunni.

9. Ferðamálafulltrúi og byggðapróunarfulltrúi Uppsveita.

Lagt var fram minnisblað ásamt fylgigögnum annars vegar um áframhaldandi ráðningu á ferðamálafulltrúa Uppsveita og hins vegar ráðningu á nýrri stöðu, byggðapróunarfulltrúa.

Ráðningartími ferðamálafulltrúa miðast við 1. júlí n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráðningartími verði framlengdur til 31. desember n.k. miðað við 80% starfshlutfall. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt samhljóða að taka þátt í verkefni sem varðar nýja stöðu byggðapróunarfulltrúa fyrir Uppsveitir Árnessýslu í gegnum samstarfssamning við SASS, sem byggir á samningi SASS við Byggðastofnun. Framlag SASS næmi um 7.500.000 kr miðað við heilt almanaksár. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að auglýst verði eftir starfsmanni í 100% starf, og undir það heyri, auk skilgreindra verkefna byggðapróunarfulltrúa, ferða- og kynningarmál, eftirfylgni með atvinnustefnu, auk mála sem tengjast fjölmenningu. Bláskógabyggð verði leiðandi sveitarfélag og gerður verði samningur milli sveitarfélaganna um verkefnið. Um er að ræða sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Kostnaður sveitarfélaganna, umfram framlög SASS, skiptist í jöfnum hlutföllum á milli sveitarfélaganna fjögurra. Ráðningarferli annist sveitarstjóri Bláskógabyggðar og formaður oddvitanefndar. Áætlaður kostnaður sveitarfélaganna á árinu 2023 er á bilinu 1.800.000 til 2.300.000 og ræðst m.a. af því hvenær nýr starfsmaður gæti hafið störf.

10. Bréf frá orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu ásamt skýrslu um starfsemi þess og ársreikningi fyrir árið 2022.

Lagt fram til kynningar bréf frá Orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu varðandi greiðslu vegna orlofs húsmæðra. Meðfylgjandi bréfinu er reikningur, skýrsla um starfsemi orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, ársreikningur fyrir árið 2022 og yfirlit yfir greiðslu allra sveitarfélaga sem greiða skulu í Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

11. Erindi frá stjórn Skógræktarfélags Íslands.

Lagt fram til kynningar.

Fylgstu með nýjustu fréttum sveitarfélagsins á www.gogg.is

12. Boð á aðalfund Háskólafélags Suðurlands 2023.

Fyrir liggur að aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 2023 verður haldinn miðvikudaginn 7. júní í Fjölheimum á Selfossi, ásamt því að hægt verður að sitja fundinn í formi fjarfundar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björn Kristinn Pálmarsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

13. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 100/2023 – „Drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli“.
Lagt fram til kynningar.

14. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 103/2023, „Sameining stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins“.
Lagt fram til kynningar.

15. Forsætisráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 106/2023, „Drög að reglugerð um meðferð og nýtingu þjóðlendna“.
Lagt fram til kynningar.

16. Kjaradeila Sambands íslenskra sveitarfélaga og BSRB.
Lögð var fram tilkynning FOSS um verkfallsboðun vegna starfa á leikskóladeild Kerhólsskóla frá 5. júní til 5. júlí og í íþróttamiðstöð sveitarfélagsins, ótímabundið frá 5. júní. Ljóst er að komi til verkfalls mun verða talsverð röskun á leikskólastarfi og íþróttamannvirkin verða mögulega lokuð. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leikskólagjöld verði felld niður í þeim tilvikum sem ekki er hægt að veita þjónustu leikskóla.

GRÓÐURHÚS

25 ÁRA REYNSLA Á ÍSLANDI

Hafðu samband
846 7014  www.lagafellverslun.is





Sveitarstjórn 550. fundur 29. júní 2023
kl. 09:00–12:53 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iðja Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iðja Marsibil Jónsdóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 5. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. janúar 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 5. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 16. janúar 2023.

b) Fundargerð 6. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 20. febrúar 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 6. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 20. febrúar 2023.

c) Fundargerð 7. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 20. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 7. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 20. mars 2023.

d) Fundargerð 8. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 8. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 11. apríl 2023.

e) Fundargerð 9. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 24. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 9. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 24. apríl 2023.

f) Fundargerð 10. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 10. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 8. maí 2023.

g) Fundargerð 11. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 31. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 11. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 31. maí 2023.

h) Fundargerð 12. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 12. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 9. júní 2023.

i) Fundargerð 38. fundar fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 38. fundar fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 17. apríl 2023.

j) Fundargerð 10. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 6. júní 2023.

Mál nr. 1 og 2 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 10. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 6. júní 2023.

Mál nr. 1; Reglur um skólaakstur í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Farið yfir drög að reglum um skólaakstur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn staðfestir samhljóða reglurnar með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og felur sveitarstjóra að klára málið.

Mál nr. 2; Reglur um námsstyrki.

Farið yfir drög að uppfærðum reglum um námsstyrki til starfsfólks Kerhólsskóla.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins og felur sveitarstjóra að afla upplýsinga um hlutfall kennara við Kerhólsskóla með leyfisbréf til kennslu, ásamt því að vinna að heildstæðri menntunarstefnu sveitarfélagsins.

k) Fundargerð 262. fundar skipulagsnefndar UTU, 16. júní 2023.

Mál nr. 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34 og 48 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 262. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 16. júní 2023.

Mál nr. 22; Bíldsfell 1 L170812; Frístundasvæði F20; Deiliskipulag – 2202010.

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsáætlunar sem tekur til hluta frístundasvæðis F20 í landi Bíldsfells 1 L170812 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining 30 frístundalóða og byggingaheimilda innan þeirra. Nýtingarhlutfall er 0,03 og skal samanlagt byggingarmagn á hverri lóð vera innan þeirrar heimildar.

Innan hvernar lóðar er heimilt að byggja eitt frístundahús, eitt aukahús að hámarksstærð 40m fm og geymslu að hámarki 15 fm. Skilgreint hámarksbyggingarmagn innan lóða er skilgreint í töflu. Umsagnir bærust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum málssaðila og uppfærðri deiliskipulagsáætlun. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bærust vegna málsins með fullnægjandi hætti m.a. með gerð ítarlegrar skýrslu sem tekur til umsagnar UST er varðar staðsetningu og gerð vistgerða innan skipulagssvæðisins og vatnafar. Auk þess hefur verið unnin fornleifaskráning sem tekur til svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 23; Farbraut 15 (L169478); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður – viðbygging og garðskáli - 2209014.

Erindi sett að nýju fyrir fund. Fyrir liggur umsókn Heimis Þ. Gíslasonar og Hrefnu H. Guðnadóttur, móttokin 05.09.2022, um byggingarheimild til að byggja 16,1 m² viðbyggingu við sumarbústað mhl 01 og 30,7 m² garðskála mhl 03 á sumarbústaðalandinu Farbraut 15 L169478 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústað eftir stækkun verður 38,8 m². Fyrir liggur undanþága frá innviðaráðuneyti vegna fjarlægðar byggingar frá lóðarmörkum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 24; Þóroddsstaðir; Langirimi-frístundabyggð; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting – 2302025.

Lögð er fram tillaga frá Þóroddi ehf. er varðar breytingu á skilmálum frístundasvæðis Langarima í landi Þóroddsstaðar. Í breytingunni felst breyting á skilmálum deiliskipulags með þeim hætti að heimilt verði að vera með rekstrarleyfisfiskgöngu í flokki I og II skv. reglugerð nr. 1277/2016. Málið var sértaklega kynnt sumarhúsfélagi svæðisins, auk þess sem það var auglýst með opinberum hætti. Engar athugasemdir bærust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að grenndarkynna öllum hlutaðeigandi eigendum sumarhúsa innan svæðisins málið sérstaklega áður en málið verði samþykkt endanlega til gildistöku. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gildistöku verði frestað eftir auglýsingu og verði vísað til úrvinnslu skipulagsfulltrúa.

Mál nr. 25; Kringla 2; Árvegur 1-12; Hnitsetning og uppfærsla skilmála; Endurskoðun deiliskipulags - 2303027.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Árvegar 1-12 í landi Kringlu 2 eftir auglýsingu. Í tillögunni felst m.a. að á lóðunum sem eru landbúnaðarlóðir er heimilt að reisa íbúðarhús og aukahús s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu. Við gildistöku viðkomandi deiliskipulags fellur eldra skipulag úr gildi. Umsagnir bárust við tillöguna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Málið var sérstaklega kynnt hlutaðeigandi lóðarhöfum innan svæðisins. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með þeim fyrirvara að byggingarreitir innan svæðisins verði dregnir í réttir fjarlægð frá vegi m.v. reglur þar að lútandi. . Með fyrirvara um viðkomandi lagfæringu mælist sveitarstjórn til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 26; Svínavatn 3 L232042; Íbúðarlóðir; Deiliskipulag – 2305076.

Lögð er fram umsókn frá Jóni Þór Jónssyni er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Svínavatns 3 L232042. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að skipta 5 ha landi í 2 lóðir, 3,5 ha og 1,5 ha á stærð og að þar geti risið 1 íbúðarhús á hvorri lóð og á þeirri stærri vinnuskemmu og lítil gestahús til útleigu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagsáætlun til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 27; Öndverðarnes 1 L168299; Neðan-Sogsvegur 1A og 1B; Deiliskipulag 2305088.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til jarðar Öndverðarness 1. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur lóðum undir staðföngum Neðan-Sogsvegur 1A (9.946 fm) og 1B (13.479 fm). Skilgreindir eru byggingarreitir auk byggingarheimilda þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir frístundahús ásamt aukahúsum á lóð innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið samhljóða og mælist til þess að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Málið skuli sérstaklega kynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 28; Grímkelsstaðir 23 L170838; Grímkelsstaðir 22 L205666 og 24 L205667; Sameining lóða – 2305099.

Lögð er fram umsókn frá Jóhönnu Gunnarsdóttur er varðar sameiningu lóða Grímkelsstaða 22, 23 og 24. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Lóðarhlutarnir voru girtir af sem ein lóð af upphaflegum eigenda og hafa þær verið byggðar og ræktaðar sem ein lóð undanfarin 40 ár. Einn bústaður er á lóðunum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við sameiningu lóðanna með fyrirvara um að fullnægjandi gögn berist vegna málsins og að samþykki eigenda aðliggjandi lóða liggi fyrir vegna sameiginlegra lóðarmarka.

Mál nr. 29; Minni-Borg L168263; Athafnasvæði við Sólheimaveg – gatnagerð; Framkvæmdaleyfi – 2306003.

Lögð er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi vegna útgáfu framkvæmdaleyfis á landi Minni-Borgar L168263. Í framkvæmdinni felst veglagning á grundvelli gildandi deiliskipulags svæðisins sem tekur til athafnasvæðis við Sólheimaveg. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og heimilda gildandi deiliskipulags svæðisins með fyrirvara um að gert verði grein fyrir því innan gagna málsins hvernig efnistöku vegna framkvæmda verður hagað.

Mál nr. 30; Nesjavellir L170825; Borun uppbótarholu; Framkvæmdarleyfi – 2306025.

Lögð er fram umsókn frá Orku náttúrunnar ohf. er varðar framkvæmdaleyfi fyrir borun uppbótarholu á Nesjavöllum, með það að markmiði að mæta rýrnun á gufuförða virkjunarinnar. Í framkvæmdinni felst gerð borstæðis á borteig, borun vinnsluholu og lagningu jarðstrengs ofanjarðar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og heimilda gildandi deiliskipulags svæðisins.

Mál nr. 31; Bíldsfell III L170818; Veglagning; Framkvæmdarleyfi – 2306032.

Lögð er fram umsókn frá Árna Þorvaldsyni vegna framkvæmdaleyfis í landi Bíldfells. Í framkvæmdinni felst veglagning í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins og meðfylgjandi fylgigögn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og heimilda gildandi deiliskipulags svæðisins með fyrirvara um að gert verði grein fyrir því innan gagna málsins hvernig efnistöku vegna framkvæmda verður hagað.

Ása Valdis Árnadóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 32; Villingavatn L170831; Landhöfn; Stofnun lóðar - 2306033.

Lögð er fram umsókn frá Kjartani Gunnari Jónssyni er varðar stofnun lóðar úr upprunalandi Villingavatns L170831. Um er að ræða 4.797 fm lóð og óskað er eftir því að hún fái staðfangið Landhöfn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og og gerir ekki athugasemd við staðfangið Landhöfn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið með fyrirvara um lagfærð gögn.

Mál nr. 33; Torfastaðir 1 L170828; Bakkahverfi; Deiliskipulagsbreyting - 2306042.

Lögð er fram tillaga að óverulega breytingu á deiliskipulagi vegna frístundasvæðis í landi Torfastaða (Bakkahverfi). Í breytingunni felst að skilgreindum frístundalóðum innan svæðisins er fækkað um eina. Lóðir við vatnið stækka sem því nemur. Staðvísar eru skilgreindir innan svæðisins, gert er ráð fyrir að þær fái heitin Eiríksgata og Njálsgata. Að öðru leyti eru engar breytingar gerðar á framlagðri skipulagsáætlun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 34; Finnheiðarvegur 15; Breytt lega lóða og bygginarreita; Deiliskipulagsbreyting – 2306062.

Lögð er fram umsókn frá Ívari Erni Guðmundssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Finnheiðarvegur 15 innan frístundasvæðis í landi Norðurkots. Í breytingunni felst að legu lóðanna er breytt auk þess sem byggingarreitir eru skilgreindir upp á nýtt. Samhliða er lögð fram hnitsetning lóða í samræmi við mælingu á staðnum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða auk þess sem leitað verði samþykkis vegna hnitsetningar á sameiginlegum lóðarmörkum.

Mál nr. 48; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-186 – 2306001F

Lögð er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-186.

I) Fundargerð 263. fundar skipulagsnefndar UTU, 28. júní 2023.

Mál nr. 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20 og 32 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 263. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 28. júní 2023.

Mál nr. 14; Klausturhólar gjallnámur L168965; Efnistaka Seyðishólum, náma E24; Framkvæmdaleyfi – 2302043.

Lögð er fram umsókn frá Suðurtaki ehf. er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis eftir grenndarkynningu. Í umsókninni felst beiðni um efnistöku á svæði E24, Seyðishólum. Fyrirhugað er að taka 500.000 m³ af efni úr námunni á næstu 15 árum eða um 33.000 m³ á ári. Stærð námusvæðisins er 3,5 ha í dag og er áætlað að raskað svæði verði við áframhaldandi efnistöku í heild 4,4 ha. Með umsókninni er lagt fram álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum ásamt umhverfismatsskýrslu. Umsagnir og athugasemdir bárust við grenndarkynningu leyfisins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt greinargerð sem tekur til útgáfu framkvæmdaleyfisins og skilyrða í tengslum við útgáfu þess.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og laga um umhverfismat framkvæmda- og áætlana nr. 111/2021. Að mati sveitarstjórnar koma allar helstu forsendur fyrir útgáfu leyfisins fram innan framlagðrar greinargerðar framkvæmdaleyfisins og öllum helstu athugasemdum er svarað með fullnægjandi hætti innan greinargerðar og umhverfismats framkvæmdarinnar.

Mál nr. 15; Borg í Grímsnesi; Vesturbyggð; Ný byggð á reit ÍB2, I14 og I15; Deiliskipulag – 2210061.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til fyrsta áfanga nýs íbúðarsvæðis að Borg í Grímsnesi eftir auglýsingu. Skipulagssvæðið afmarkast af fyrirhuguðu miðsvæði í suðri og Skólabraut í austri. Mörk svæðisins til norðurs og vesturs liggja að ræktuðu landi innan marka landeigna í eigu sveitarfélagsins. Svæðið er innan íbúðarbyggðar (ÍB2) og iðnaðarsvæða fyrir skólphreinsistöðvar (I14 og I15) í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Svæðið er óbyggt og á því eru engin mannvirki ef frá eru talinn vegspotti og búnaður skólphreinsistöðvar vestan Skólabrautar. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagstillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og innan framlagðrar samantektar vegna umsagna sem bárust. Sveitarstjórn samþykkir einnig að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 16; Hallkelshólar lóð 77 (L202613); byggingarheimild; gestahús – 2301013.

Fyrir liggur umsókn Þorgeirs Jónssonar fyrir hönd Birnu E. Guðmundsdóttur, móttékin 04.01.2022, um byggingarheimild fyrir 24,3 m² gestahúsi á sumarbústaðalandinu Hallkelshólar lóð 77 L202613 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 17; Syðri-Brú L168277; Útleiga húsa flokk II í frístundabyggð; Deiliskipulagsbreyting – 2306072.

Lögð er fram umsókn frá Erlingi Erni Hafsteinssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Syðri-Brú. Sótt er um að heimilt sé, innan deiliskipulagssvæðisins að stunda rekstur í formi útleiguhúsa í heild sinni en ekki til stakra herbergja. Heimildin myndi falla undir flokk II - Frístundarhús í skilgreiningu reglugerðar nr. 1277/2016 er varðar veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan hverfisins sem deiliskipulagið tekur til.

Mál nr. 18; Neðan Sogsvegur 15; Deiliskipulagsbreyting - 2306090.

Lögð er fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Neðan-Sogsvegur 15. Í breytingunni felst skipting lóðarinnar í 4 mismunandi hluta í takt við núverandi byggingarheimildir lóðarinnar.

Með tillögu deiliskipulagsbreytingar er lögð fram greinargerð til rökstuðnings ákvörðun skipulagsnefndar og sveitarstjórnar ásamt skriflegu samþykki meðeigenda lóðarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingar á deiliskipulagi svæðisins og málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt aðliggjandi lóðarhöfum.

Mál nr. 19; Mosabraut 9 L212967; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - 2306044.

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Mosabrautar 9 í Vaðnesi. Í umsókninni felst beiðni um að heimild verði veitt fyrir breytingu á byggingarreit lóðarinnar þannig að hann verði skilgreindur í 10 metrar fjarlægð frá lóðarmörkum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að synja framlagðri beiðni um breytingu á byggingarreit lóðar. Við ákvörðun um staðsetningu byggingarreita innan skipulagsáætlunar hafi legið forsendur sem eigi jafnt við í dag eins og þegar tillagan var unnin. Sveitarstjórn bendir jafnframt á að æskilegt væri ef að koma eigi til breytinga á byggingarreitum lóða innan svæðisins, taki þær breytingar einnig til lóðar Mosabrauta 7 og 11 með það að leiðarljósi að halda samræmi í heimildum innan sambærilegra lóða innan svæðisins, telur sveitarstjórn ekki forsendur fyrir breytingu á byggingarreit stakrar lóðar að svo stöddu án frekari rökstuðnings.

Mál nr. 20; Folaldaháls; Gufuafllsvirkjun; Óveruleg deiliskipulagsbreyting - 2306061.

Lögð er fram umsókn frá Suðurdal ehf. er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Gufuafllsvirkjunar á Folaldahálsi. Í breytingunni felst heimild fyrir hækkun stöðvarhúss sem nemur um 0,5 metrum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi og um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn telur nefndin ekki þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 32; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-187 – 2306005F

Lögð er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-187.

m) Fundargerð 10. fundar seyrustjórnar, 12. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 10. fundar seyrustjórnar sem haldinn var 12. júní 2023.

n) Fundargerð 4. fundar oddvitaneftndar Uppsveita Árnassýslu 2022-2026, 12. júní 2023.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram til kynningar fundargerð oddvitaneftndar Uppsveita Árnassýslu 2022-2026 sem haldinn var 12. júní 2023.

Mál nr. 1; Atvinnumálastefna Uppsveita Árnassýslu 2023-2027.

Fyrir fundinn var lögð Atvinnumálastefna Uppsveita Árnassýslu 2023-2027 sem hefur verið samþykkt í öllum sveitarfélögunum í Uppsveitum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Bláskógabyggð.

Samþykkt að leggja til við sveitarstjórnir Uppsveitanna að skipaður verði vinnuhópur um aðgerð númer 5 í atvinnumálastefnunni; móttökuáætlun. Hver sveitarstjórn skipar einn fulltrúa og einn til vara til að hefja vinnu við móttökuáætlun vegna móttöku nýrra íbúa. Hópurinn hefur síðan störf í haust þegar byggðarpróunarfulltrúi hefur verið ráðinn.

Tilnefningum skal skila inn til Ásborgar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Anna Katarzyna Wozniczka og Ragnheiður Eggertsdóttur til vara.

o) Fundargerð 101. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 24. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU sem haldinn var 24. maí 2023.

p) Fundargerð 11. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsneftndar Árnassýslu, kjörtímabilið 2022-2026, 12. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 11. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsneftndar Árnassýslu, kjörtímabilið 2022-2026 sem haldinn var 12. maí 2023.

q) Fundargerð 2. fundar Almannaþingarneftndar Árnassýslu, 12. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 2. fundar Almannaþingarneftndar Árnassýslu sem haldinn var 12. júní 2023.

r) Fundargerð 228. fundar Heilbrigðisneftndar Suðurlands, 12. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 228. fundar Heilbrigðisneftndar Suðurlands sem haldinn var 12. júní 2023.

s) Fundargerð 58. fundar stjórnar Bergislaus bs., 23. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 58. fundar stjórnar Bergislaus bs., sem haldinn var 23. maí 2023.

t) Fundargerð aukaaðalfundar Bergislaus bs., 15. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð aukaaðalfundar Bergislaus bs., sem haldinn var 15. júní 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta málinu.

u) Fundargerð 5. fundar stjórnar Arnardrangs hses., 18. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 5. fundar stjórnar Arnardrangs hses., sem haldinn var 18. apríl 2023.

v) Fundargerð 6. fundar stjórnar Arnardrangs hses., 15. maí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 6. fundar stjórnar Arnardrangs hses., sem haldinn var 15. maí 2023.

w) Fundargerð 9. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 22. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 9. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu sem haldinn var 22. júní 2023.

x) Fundargerð 596. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 2. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 596. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 2. júní 2023.

y) Fundargerð 928. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 2. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 926. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 2. júní 2023.

z) Fundargerð 929. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 9. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 929. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 9. júní 2023.

aa) Fundargerð 930. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 15. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 930. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 15. júní 2023.

2. Skólaakstur í Grímsnes- og Grafningshreppi, niðurstöður útboðs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.

3. Samþykkt Grímsnes- og Grafningshrepps um gatnagerðargjöld.

Lagðar fram til seinni umræðu samþykktir Grímsnes- og Grafningshrepps um gatnagerðargjöld. Sveitarstjórn samþykkir samþykktina samhljóða og felur sveitarstjóra að auglýsa þær í B-deild stjórnartíðinda.

4. Reglur um úthlutun lóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggja drög að reglum um úthlutun lóða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða reglurnar.

5. Erindi frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita vegna námu E17.

Fyrir liggur erindi frá Vigfúsi Þór Hróbjartssyni skipulagsfulltrúa, f.h. Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita dagsett 26. júní 2023, í erindinu er farið yfir úttekt vegna efnistökusvæða í sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppi, Klausturhólar E17 – syðri hluti. Grímsnes- og Grafningshreppur á 69% í umræddri námu og Árborg 31%. Í erindinu kemur meðal annars fram að ekki er til staðar útgefið framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins vegna efnistökkunnar eða útgefið starfsleyfi af hálfu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Einnig kemur fram að ekki hefur verið unnið umhverfismat vegna efnistökkunnar. Sé áframhaldandi efnistaka áætluð innan svæðisins er viðtakanda bent á að hafa samband við skipulagsfulltrúa varðandi næstu skref við úrlausn málsins fyrir 1. október 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita, Birni Kristni Pálmarssyni og sveitarstjóra að hafa samband við námuréttthafa og vinna málið áfram í góðu samstarfi við Árborg.

6. Erindi frá sauðfjárbændum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur erindi frá sauðfjárbændum í Grímsnes- og Grafningshreppi varðandi fjallskil og álagningu fjallskila í Grímsnes- og Grafningshreppi dagsett 21. júní 2023, um tillögu að breytingum. Guðrún S. Sigurðardóttir og Bergur Guðmundsson komu inn á fundinn og kynntu hugmyndir að breytingum á fjallskilum og álagningu fjallskila í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn fagnar því frumkvæði sem sauðfjárbændur hafa sýnt með þessu framtaki og tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að klára málið með formanni fjallskilanevndar.

7. Erindi vegna lóðarinnar Kerhraun 38 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Bergi Haukssyni lögmanni f.h. Þórðar Víðis Jónssonar dagsett 13. apríl 2023 er varðar lóð hans Kerhraun 38. Í bréfinu er þess farið á leit við sveitarfélagið að það leggi heimæð að þeim bústað sem þar verður byggður án gjaldtöku þar sem vatnslagnir sveitarfélagsins liggja í landinu en engar kvaðir hafa verið þinglýstar á lóðina þess efnis. Erindið var fyrst tekið fyrir á fundi framkvæmda- og veitunefndar þann 2. maí þar sem Ragnar Guðmundssyni umsjónarmanni framkvæmda- og veitna var falið afla upplýsinga frá Verkís um hnitpunkta lóðarinnar samkvæmt deiliskipulagi. Þær niðurstöður liggja nú fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og umsjónarmanni framkvæmda og veitna að svara erindinu.

8. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Tekin fyrir að nýju umsókn Birtu Flókadóttur um að barn hennar fái skólavist utan lögheimilissveitarfélags við Sjálandsskóla í Garðabæ út skólaárið 2022-2023 og skólaárið 2023-2024.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða þann 3. maí 2023 að barnið fengi að stunda nám við Sjálandsskóla í Garðabæ út skólaárið 2022-2023 þar sem lítið var eftir af skólaárinu. Á sama fundi var umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags skólaárið 2023-2024 hafnað. Fyrir liggur að sveitarstjórn hefur samhljóða ákveðið að afturkalla stjórnvaldsákvörðun sína um höfnun á skólavist við Sjálandsskóla í Garðabæ skólaárið 2023-2024. Fyrir fund liggur rökstuðningur frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. um fyrirbyggjandi umsókn þar sem mælt er með því að barnið fái að ljúka grunnskólagöngu sinni í Sjálandsskóla.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að barnið fái að stunda nám við Sjálandsskóla í Garðabæ skólaárið 2023-2024. Viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna nemenda sem stunda grunnskólanám utan lögheimilissveitarfélags fyrir skólaárið 2022-2023 vegna skóla með 201-300 börnum var 234.171.- kr á mánuði og mun ný gjaldskrá taka gildi 15. ágúst. Sveitarstjóra falið að vinna viðauka við fjárhagsáætlun þegar nýtt viðmunargjald liggur fyrir og gera ráð fyrir kostnaðinum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

9. Ósk um breytingu á skráningu eignar í fasteignaskrá.

Fyrir liggur erindi frá Þórunni Wolfram, dagsett 13. júní 2023 þar sem farið er þess á leit við sveitarfélagið að það heimili breytingu á skráningu eignarinnar Gamla Borg þinghús (F2207855) í Grímsnes- og Grafningshreppi og að skráningu verði breytt frá því að vera veitingahús í íbúðarhús. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps gerir ekki athugasemd við breytta skráningu hússins með þeim fyrirvara að landnotkun svæðisins innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningsshrepps og gildandi deiliskipulagsáætlunar fyrir þéttbýlið í Borg verði breytt í takt við fyrirhugaða og/eða raun notkun hússins í dag. Að mati sveitarfélagsins getur breytt landnotkun úr verslunar- og þjónustusvæði í miðsvæði talist óveruleg breyting á landnotkun aðalskipulags þar sem slík breyting vikur ekki verulega frá megin stefnu aðalskipulags um notkun á svæðinu. Viðkomandi breyting samræmist þannig vel núverandi ástandi innan svæðisins þar sem fyrir er rekin verslun sem er með íbúð í útleigu á efri hæð og hefði því breytt landnotkun engin áhrif á þann rekstur. Ekki er um stækkun á skipulagssvæðinu landfræðilega sé og umfang landnýtingarinnar eykst ekki við breytinguna. Sveitarstjórn bendir þó á að mat á því hvort breyting á aðalskipulagi getur talist óveruleg er alfarið háð samþykki Skipulagsstofnunar. Mælist sveitarstjórn til þess við umsækjanda að sækja um, með formlegum hætti, óverulegar breytingar á aðal- og deiliskipulagi sem tekur til svæðis VP15 á aðalskipulagi sveitarfélagsins og deiliskipulagsáætlunar fyrir þéttbýlið að Borg í Grímsnesi. Umsókn um breytingar á skipulagsáætlunum sveitarfélagsins fara fram í gegnum þjónustugátt Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita (UTU) og greiðir umsækjandi þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá UTU. Sé frekari upplýsinga eða leiðbeiningar óskað er varðar feril málsins eða vegna vinnslu viðeigandi gagna vísar sveitarstjórn umsækjanda á að hafa samráð við skipulagsfulltrúa UTU.

10. Erindi frá starfsfólki leikskóladeildar Kerhólsskóla.

Fyrir liggur erindi frá starfsfólki leikskóladeildar Kerhólsskóla er varðar styttingu vinnuvikunnar. Farið er fram á að sveitarstjórn samþykki að starfsfólk leikskóladeildarinnar stytta vinnuvikunnar til fulls frá og með 1. október 2023. Full stytting felur í sér að stytta vinnuvikuna um 4 klukkustundir og samhliða því verði grein 3.1 í kjarasamningi óvirk. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að starfsfólk leikskóladeildarinnar stytta vinnuvikuna til fulls eins og lagt er til í erindinu og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við stjórnendur Kerhólsskóla.

11. Niðurstöður verðfyrirspurnar í framkvæmdir við Torg á Borg.

Fyrir liggur niðurstaða verðkönnunar í framkvæmdir við Torg á Borg. Tilboð bærust frá „Grjótgás“ og „Bergþóri“, tilboð Grjótgás hljóðar upp á 36.201.100,- kr og tilboð Bergþórs hljóðar upp á 36.941.500,- kr. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka lægra tilboðinu og felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Grjótgás.

12. Erindi frá Háskólafélagi Suðurlands vegna Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands.

Fyrir liggur erindi frá Háskólafélag Suðurlands sem hefur nýverið tekið við umsjón Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands. Í erindinu er þess farið á leit við sveitarfélagið að það bætist í hóp styrktaraðila sjóðsins. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið um 30.000,- kr. á ári út samningstímann, sveitarstjórn felur sveitarstjóra að klára málið.

13. Erindi frá samgöngunefnd Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Lagt fram erindi frá samgöngunefnd Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga vegna undirbúnings fyrir ársþing 2023. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að skila inn svörum til samgöngunefndar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga miðað við umræður á fundinum.

14. Umsagnarbeiðni Mosfellsbæjar um Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2022-2040, nr. 0214/2023 í skipulagsgáttinni.

Lögd er fram til kynningar umsagnarbeiðni Mosfellsbæjar um aðalskipulag Mosfellsbæjar 2022-2040. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við aðalskipulag Mosfellsbæjar 2022-2040.

15. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 118/2023, „Breytingar á lögum um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir“.

Lagt fram til kynningar.

16. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 116/2023, „Breytingar á lögum um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu“.

Lagt fram til kynningar.

17. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 112/2023, „Drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038“.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 12:53.

Sveitasetrið Brú



GRÍMSÆVINTÝRI

Borg 12. ágúst 2023



Grímsævintýri á Borg, 12. ágúst 2023

Við í Kvenfélagi Grímsneshrepps erum byrjaðar að huga að okkar árlegu Grímsævintýrum sem verða haldin laugardaginn 12. ágúst í ár.

Tombóla, fjölskylduhátíð, markaður!

Ert þú með þína framleiðslu í handverki
sem þú vilt selja?

Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.

Lítið borð: 4.500kr Stórt borð: 5.500kr

Tekið er við borðapöntunum fyrir markaðinn

á netfangið grimsaevintyri@gmail.com

Fylgstu með viðburðinum á Facebook –

Grímsævintýri á Borg 2023



**Íþróttamiðstöðin
Borg**



Sumaropnun

1. júní – 20. ágúst

Mánudaga – fimmtudaga kl. 10:00 – 21:30

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga
kl. 10:00 – 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is